

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Eistlands.

Sameiginleg nefnd EFTA og Eistlands tók á árinu 2001 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Eistlands frá 7. desember 1995, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 4/1996, 21/1996, 20/1997, 40/1998, 25/1999 og 35/2000, og öðluðust þær gildi sem hér segir:

Nr.	Dags.	Efni	Gildistaka
1/2001	27.11.2001	Breytingar á bókun B	Beitt til bráðabirgða frá 01.01.2001
2/2001	27.11.2001	Breytingar á bókun D	Beitt til bráðabirgða frá 01.01.2001
3/2001	27.11.2001	Breytingar á 17. og 24. gr., II. viðauka og afnám V. viðauka og VI. viðauka sem varða ríkisaðstoð	Hefur ekki öðlast gildi

Breytingarnar liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að þeim. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2001.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lettlands.

Sameiginleg nefnd EFTA og Lettlands tók á árinu 2001 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Lettlands frá 7. desember 1995, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1996, 23/1996, 27/1997, 27/1999 og 36/2000, og öðluðust þær gildi sem hér segir:

Nr.	Dags.	Efni	Gildistaka
1/2001	29.11.2001	Breyting á bókun B	Beitt til bráðabirgða frá 01.01.2001
2/2001	29.11.2001	Breyting á bókun D	29.11.2001
3/2001	29.11.2001	Breytingar á 17. og 24. gr., II. viðauka og afnám V. viðauka og VII. viðauka sem varða ríkisaðstoð	Hefur ekki öðlast gildi

Breytingarnar liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að þeim. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2001.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.